



## FUNDARGERÐ 476. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 24. janúar 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:34. Fundurinn er staðfundur að Suðurhrauni 10, 210 Garðabæ og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Aldís Stefánsdóttir, Orri Hlöðversson Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

**Sækja fjarfund:** Árelía Eydís Guðmundsdóttir og Guðfinnur Sigurvinnsson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri sækir fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Skýrsla innri endurskoðenda SORPU bs.

Jón Sigurðsson og Hrefna Gunnarsdóttir, endurskoðendur hjá PwC og Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SORPU, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Jón og Hrefna leggja fram og kynna skýrslu um innri endurskoðun á SORPU bs. fyrir árið 2022.

Stjórn ræðir skýrslu innri endurskoðunar undir liðnum.

Lárus skýrir aðkomu endurskoðunarnefndar SORPU að starfi innri endurskoðunar á SORPU.

Árelía vísar af fundi klukkan 08:40.

Gestir vísar af fundi klukkan 08:48.

#### 2. Staða stefnumótunar SORPU bs.

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður gera grein fyrir stöðu stefnumótunar SORPU. Stjórnarformaður gerir grein fyrir vilja stjórnar til að hefja vinnu við stefnumótun. Framkvæmdastjóri upplýsir um samskipti sín við SSH þess efnis að hin síðarnefndu hafa óskað ráðgjafar framkvæmdastjóra um hvernig megi leiða vinnu stefnuráðs til lykta og gerir jafnframt athugasemd við þá nálgun.

Framkvæmdastjóri hefur leitað til stefnumótunarráðgjafa til að aðstoða við vinnuna.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:



*„Stjórn SORPU bs. felur framkvæmdastjóra að hefja vinnu við stefnumótun SORPU í samstarfi við stjórn. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita tilboða hjá ráðgjöfum við stefnumótun og kynna á næsta fundi stjórnar SORPU.“*

### **3. Staða og horfur með Bolaöldur**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu viðræðna við Ölfus um Bolaöldur. Samkomulag er í höfn um að SORPA greiði tiltekna fjárhæð til Ölfuss fyrir notkun á landi árið 2022 og geri í kjölfarið samkomulag við verktaka á svæðinu og landeiganda um framhald rekstrar í Bolaöldum.

### **4. Önnur mál**

Stjórn átti vinnufund þann 6. janúar 2023. Á fundinum var meðal annars fjallað um stjórnskipulag samlagsins og heimild stjórnar til að ráðast í vinnu við stefnumótun.

Svana gerir grein fyrir fundi með framkvæmdastjóra og fjármálastjóra í tengslum við áhættugreiningu á uppbyggingu sorpbrennslu.

Orri spyr um starfshóp vegna uppbyggingar á nýrri endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg. Starfshópurinn hefur komið saman og tekinn til starfa við staðarvalsgreiningu.

### **5. Næsti fundur**

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 14. febrúar 2023 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:45.